

# Skólamenningarfundir 1.-4.bekkur

## Samantekt:

Almennt eru nemendur sammála um að flestir eigi vini í skólanum og fáir séu einmana. Ef þeir sjá að einhver er einn segjast nemendur bjóða viðkomandi að vera með, reyna að tala við hann, kynnast honum betur, hjálpa honum eða leika við hann en stundum vilji viðkomandi vera einn.

Nemendur eru sammála um að þeir séu hræddir við suma nemendur í skólanum sem eru að stríða og lemja aðra. Þeir bregðast við með því að setja stopp eða hætta, koma sér úr aðstæðum, fela sig, segja frá og forðast viðkomandi. Sumir segja frá því að þeir bregðist við með reiði eða fari að gráta. Nemendur eru einnig sammála um að sumir nemendur séu vondir við aðra, þeir stríði, skilju útundan og/eða meiði. Nemendur eru duglegir að segja frá og biðja viðkomandi um að hætta. Nemendur í 4.bekk tala um að það sé oft ágreiningur á fótboltavellinum og þá eigi þeir bággt með að segja frá og biðja um aðstoð því þeir séu svo hræddir um að þá megi þeir ekki fara í fótbolta.

Nemendur segja frá því að sumir nemendur séu vondir við aðra krakka í skólanum. Þeir séu að stríða, skilja útundan og meiða. Nemendur ræða að viðkomandi nemendur hætti ekki þótt þeir séu beðnir. Nemendur bregðast við með því að segja frá og biðja viðkomandi um að hætta. Sumir reyna að hræða viðkomandi í burtu eða svara í sömu mynt.

Nemendur voru sammála um að einelti væri í algjöru lágmarki í Álfhólsskóla en greindu þó frá einhverjum tilvikum þar sem þeir töldu að um einelti gæti verið að ræða. Nemendur voru duglegir að segja frá reynslu sinni af erfiðum samskiptamálum sem er búið að leysa sem og dæmi um einelti sem þeir hafa séð á youtube. Nemendur ræddu að ef þeir yrðu vitni af einelti myndu nemendur segja frá, reyna að stöðva eineltið, bjóða þeim sem verður fyrir eineltinu að vera með og reyna að hjálpa. Einhverjir segja að þeir myndu meiða á móti en passa að láta ekki sjá sig.

Nemendur koma með margar góðar hugmyndir að því hvernig þeir geti orðið betri vinir. Þeir telja að krakkarnir þurfi að kynnast betur, segja stopp, bjóða heim, vinna saman, hjálpast að, leika saman, vera sannir vinir, leyfa öðrum að vera með, spyrja hvað amar að ef einhver er leiður, knúsa, vera kurteis og góð við hvert annað, að vera saman í fótbolta eða öðrum leikjum, reyna hjálpa öðrum í lífinu, segja frá, bjóða að vera með, hrósa, taka vel á móti hver öðrum, ekki rífast, passa upp á hvort annað, koma vel fram við hvort annað, ekki segja ljótt um aðra, vera skynsöm, vera góð, slaka á og anda djúpt, ræða saman, vera skemmtileg og fyndin, hlýða bekkjarreglum, brosa, eignast hvort annað, bera virðingu fyrir öðrum, vera kurteis, finna nýja vini og borða kökur saman. Þá nefna nemendur að þeir vilji fá fleiri leiktæki svo það sé auðveldara að finna sér eitthvað að gera saman.